# Hvert er hlutverk Hafrannsóknastofnunar varðandi vottanir

## Sjávarútvegsráðstefnan 2018
## Hörpu
## 15. – 16. nóvember


**Guðmundur Þórðarson**

Sviðsstjóri Botnsjávarlífríkissviðs


SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Hlutverk Hafrannsóknastofnunar

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

- 1. Að afla með rannsóknum alhliða þekkingar á hafinu, ám og vötnum landsins og lífríki þeirra, með áherslu á hvernig nýta megi lifandi auðlindir með sjálfbærum hætti.
- 2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika ferskvatns og sjávar umhverfis Ísland með tilliti til áhrifa á lífríkið.
- 3. Að afla þekkingar og viðhalda gagnagrunni um jarðfræði og eðliseiginleika landgrunnsins, áa og vatna, einkum með tilliti til sjálfbærra fiskveiða og sjálfbærrar nýtingar annarra lifandi auðlinda.
- 4. Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti gróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna í sjó og í ferskvatni.
- 5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu og ræktun nytjastofna sjávar, áa og vatna.
- **6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríkið.**
- 7. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni nýsköpun og fjölbreytni í öflun sjávarfangs og nýtingu ferskvatnsvistkerfa.
- 8. Að stunda rannsóknir á eldi í sjó og ferskvatni og veita ráðgjöf þar um.
- 9. Að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna.
- 10. Að annast gegn gjaldi rannsóknir fyrir einstaklinga eða fyrirtæki á umhverfi eða lífríki í ám, vötnum og sjó, m.a. vegna framkvæmda.
- 11. Að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð.
- 12. Að veita lögboðnar umsagnir og vera ráðuneyti og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar.
- **13. Að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó og ferskvatni á grundvelli sjálfbærra viðmiða og nýtingarstefnu stjórnvalda.**
- 14. Að veita ráðgjöf um lífríki áa, vatna og sjávar varðandi framkvæmdir og mannvirkjagerð.
- 15. Að leggja mat á og veita ráðgjöf um verndargildi vistkerfa og náttúruminja í ferskvatni og í sjó.
- **16. Að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings um sjálfbærar nytjar á íslensku hafsvæði, í ám og vötnum, greina frá niðurstöðum rannsóknastarfseminnar og veita aðgang að gögnum stofnunarinnar eftir því sem tök eru á.**
- 17. Að annast milliríkjasamstarf og erlend samskipti á fagsviði stofnunarinnar.
- 18. Að annast önnur verkefni sem ráðherra kann að fela stofnuninni

**Rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, tilraunir og þróun með sjálfbærni að leiðarljósi**

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Staða Hafrannsóknastofnunar í vottunarferli

- Hafrannsóknastofnun er skilgreind sem hagsmunaaðili (e. stakeholder) í vottunarferli MSC.
- Á hverju ári eru haldnir nokkrir fundir með matsnefndum frá vottunarstofum um vottanir á hinum ýmsu fiskistofnum.
- Vanalega eru nokkuð langir og ítarlegir listar af spurningum sendir stofnuninni fyrir fundinn.  Reynum að útbúa skrifleg svör, gefist tími til.

# Um hvað spyrja vottunaraðilar?

- Veiðar
  - Varúðarmörk ($B_{lim}$, $B_{pa}$)
  - Sjálfbærni ($F_{lim}$, $F_{pa}$, $F_{MSY}$)
- Vistspor
  - Áhrif veiðarfæra
  - Meðafli
- Stjórn veiða
  - Stjórnkerfi
  - Aflareglur



# Hafrannsóknastofnun var lítt undirbúin auknum spurningum og kröfum kaupenda

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna






Fjórtán prósent alls afla sem landað er í heiminum er með MSC-vottun

## Vottun í tuttugu ár

**Fulltrúi frá MSC fékk óblíðar móttökur hér á landi fyrir tuttugu árum. Mikil breyting hefur orðið á afstöðu manna til vottunarstarfsins síðan þá. Ísland er nú með vottun á átta tegundum veiða.**

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Fyrir tuttugu árum var stofnað í Bretlandi einkafyrirtækið Marine Stewardship Council, eða Sjávarnytjaráðið eins og það hefur verið nefnt á íslensku, sem hefur mótað og haft umsjón með alþjóðlegum vottunarstaðli fyrir sjálfbærar veiðar.

Gíslii Gíslason.

Á þessum tuttugu árum sem liðin eru hefur sá árangur náðst að nú eru í gildi meira en 400 vottanir á veiðum gagnvart MSC-staðlinum á heimsvísu. Vottanir þessar ná til meira en 14 prósent alls afla sem landað er í heiminum og stefnt er að því að þetta hlutfall verði komið upp í 20 prósent árið 2020.

Á síðasta ári keyptu neytendur rúmlega 730 þúsund tonn af MSC-vottuðu sjávarfangi og greiddu fyrir það samtals 5,6 milljarða dala, eða hátt í 590 milljarða króna.

Viðmiðunarreglur MSC eru byggðar á siðareglum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um ábyrgð í fiskimálum, sem samþykktar voru í Róm árið 1995. Þessar siðareglur eru í reynd sá grunnur sem allt vottunarstarfið byggist á.

Til þess að fá vottun gagnvart MSC-staðlinum á tilteknar fiskveiðar fer í gang ákveðið ferli. Hér á landi eru það samtökin Iceland Sustainable Fisheries sem sjá um að sækja um MSC-vottun fyrir sjávarútveginn, bæði fyrir veiðar og veiðarfæri. Vottunarstofan Tún og aðrar sjálfstæðar og faggildar vottunarstofur hafa séð um að meta og taka út fiskveiðar við Ísland samkvæmt þeim kröfum sem MSC-staðallinn gerir.

Íslenskur sjávarútvegur stendur framarlega á heimsvísu í vottun sjálfbærra veiða og í mörgum tilvikum orðið fyrsta þjóðin til að fá vottanir á ýmsar tegundir.

### Óblíðar móttökur

Á alþjóðlegu sjávarútvegsráðstefnunni World Seafood Congress, sem haldin var hér á landi í september síðastliðnum tók meðal annarra til máls Carl Christian Schmidt, sem á sínum tíma tók virkan þátt í stofnun MSC.

Hann rifjaði upp að hann hefði fengið óblíðar móttökur hér á landi fyrir tuttugu árum, um það leyti sem MSC var að byrja með vottunarþjónustu sína.

„Þegar ég kom þá til Keflavíkur tóku á móti mér reiðir fjölmiðlamenn. Það var mikil reiði hér í samfélaginu þá út í okkur,“ sagði hann. „Þetta er gjörbreytt núna. Menn eru fyrir löngu farnir að átta sig á mikilvægi þess að veiðarnar séu sjálfbærar.“

Ekki er svo langt hagsmunaaðilar innan íslensks sjávarútvegs voru margir hverjir enn mjög efins um vottun MSC, en á fáum árum hefur Ísland haft frumkvæði og verið fyrstir í heiminum til að fá vottun á veiðum á átta tegundum: karfa, grásleppu, löngu, keilu, steinbít, blálöngu, loðnu og kola.

„Það lætur nærri að Ísland sé að verða mest vottaða fiskveiðiþjóð í heiminum og þar með trúlega ein sjálfbærasta fiskveiðiþjóðin, sem ætti að vera gott veganesti á markaði fyrir okkar vörur,“ sagði Gísli Gíslason, en hann er ráðgjafi MSC á Íslandi, þegar Fiskifréttir ræddu við hann í haust.

### Markaðsþrýstingur

Lykillinn að þeim árangri sem náðst hefur virðist vera sú tenging við markaðinn sem frá upphafi hefur verið keppikefli MSC. Æ fleiri stórfyrirtæki á matvælamarkaðnum bætast í hóp þeirra sem setja MSC-vottun sem skilyrði viðskipta við framleiðendur sjávarafurða. Útgerðarfyrirtæki, eldisfyrirtæki og vinnslufyrirtæki eru farin að þurfa að laga sig að þessum kröfum frá markaðnum.

„Hugsjón MSC hefur ávallt verið að virkja markaðinn og ef hann gerir kröfu um MSC vottun, þá mun á endanum ofveiði í heimshöfunum heyra sögunni til,“ sagði Gísli Gíslason í viðtali í tímariti Fiskifrétta nú í haust.

Fyrir sitt leyti hefur markaðurinn þurft að laga sig að kröfum frá neytendum, þannig að ákveðin vitundarvakning meðal almennings er ekki síður rótin að þeim árangri sem náðst hefur, ekki síst varðandi sjávarafurðir.

> Óháðar rannsóknir sýna okkur að neytendur hafa sjálfbærni í forgangi þegar fiskur er keyptur.

„Óháðar rannsóknir sýna okkur að neytendur hafa sjálfbærni í forgangi þegar fiskur er keyptur, frekar en þegar að öðrum matvælategundum kemur,“ segir Richard Stobart, yfirmaður markaðsmála hjá MSC. „En góðar fyrirætlanir duga ekki til. Það er spennandi að elda sjávarfang og við viljum hvetja neytendur til að velta því fyrir sér hvernig maturinn þeirra er veiddur og hvernig bláa MSC-merkið hjálpar til við að tryggja að nóg verði til af honum um ókomna tíð.“

Enn er tæpur þriðjungur allra fiskstofna ofveiddur á heimsvísu, svo vitað sé. MSC segir það samt líklega vanmat því víða hafi formlega ekki verið lagt neitt mat á veiðar þannig að upplýsingar um þær skorti.

Á ráðstefnunni í september tók Schmidt fram að alþjóðlega vottunarstarfið væri enn í mótun og margt eftir ógert: „Þetta er í rauninni ungt. Við erum enn að ræða saman og átta okkur á því hvernig best er að gera þetta.“

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Stofnmat og ráðgjöf




Skýrslan hafði ekki breyst að ráði í yfir 14 ár




Framsetning ráðgjafar byggð á framsetningu ICES

# Stofnmat og ráðgjöf

- Aflareglur fyrir helstu stofna
  - Þorskur, ýsa, ufsi, gullkarfi, síld, loðna, langa, keila.
  - Beðið um aflareglu fyrir grálúðu, steinbít og skarkola
- Ráðgjafarreglur sem byggja á nálgun ICES oftast byggðar á vísitölu veiðihlutfalls.
- Varúðarmörk ($B_{lim}$) og aðgerðarmörk ($B_{pa}$) eða ígildi þeirra vantar fyrir mjög marga stofna.
- Ekki tekið tillit til fjölstofnaáhrifa.



# Vistspor veiða

- **Yfirlit yfir helstu áhrifaþætti af mannavöldum á vistkerfið**
- **Samantekt um fiskveiðar**
  - Þarfnast meiri vinnu
- **Ráðgjöf um tindaskötu, aðrar tegundir gætu fylgt í kjölfarið.**
- **Verkefni á Hafró**
  - Samstarf við iðnaðinn um skráningu botndýra í veiðum
  - Aukin áhersla á mat á magni meðafla sem og rannsóknir til að minnka hann
  - Kortlagning búsvæða, vöktun í haustralli
  - Skráning á plasti





Ástand nytjastofna sjávar og ráðgjöf 2017 Hafrannsóknastofnun 13. júní 2017

FISKVEIÐAR Á ÍSLANDSMIÐUM
*FISHERIES OVERVIEW*

FISKISKIPAFLOTINN OG AFLI – *FISHING FLEET AND CATC*

Íslenski fiskveiðiflotinn er fjölbreyttur, allt frá því að vera litlar trillur m
tugi manna í áhöfn. Tæplega 1700 íslensk skip og bátar stunduðu veiða
1 milljón tonna af fiski, sem er um 250 þús. tonnum minni heildarafli e
þús. tonn uppsjávarfiskur (loðna, síld, kolmunni, makríll) sem er 270 þú

*The Icelandic fishing fleet is diverse, ranging from small boats with a crew of on*
*or more. Around 1700 Icelandic boats and ships participated in the fishery in 20*
*1 million tonnes. Total catches were about 250 thous. tonnes less than in 2015.*
*tonnes, or around 55% of the total catch. This is a decrease of about 250 thous.*

**Heildarafli botnfiska og hryggleysingja.** Afli íslenska fiskveiðiflotans, skipt
***Total catches of demersal fish and invertebrates.*** *Catches of the Icelandic*

**Heildarafli uppsjávarfiska.** Afli íslenska fiskveiðiflotans á Íslandsmiðum,
***Total catches of pelagic fish.*** *Catches of the Icelandic fisheries divided b*

*State of Marine Stocks and Advice 2017*



Ástand nytjastofna sjávar og ráðgjöf 2017 Hafrannsóknastofnun 30. júní 2017

VISTKERFI SJÁVAR OG ÁHRIFAÞÆTTIR
*ECOSYSTEM OVERVIEW**

SKILGREINING Á VISTKERFI HAFSVÆÐANNA VIÐ ÍSLAND

Á hafsvæðum umhverfis Ísland mætast Mið-Atlantshafshryggurinn og Grænlands-Skotlandshryggurinn skammt sunnan við heimsskautsbaug. Þessi hafsvæði verða fyrir sterkum áhrifum úthafsins og þar mætast hafstraumar af ólíkum uppruna. Hlutfallslega hlýr og saltur Atlantssjór kemur upp að landinu sunnanverðu og streymir þaðan annars vegar austur fyrir land í Noregshaf og hins vegar vestur fyrir land á landgrunnssvæði norður af landinu. Með Austur-Grænlandsstraumi og Austur-Íslandsstraumi berst kaldur og seltulítill sjór úr Grænlandshafi á hafsvæðin norður og austur af landinu (Unnsteinn Stefánsson 1962; Héðinn Valdimarsson og Svend-Aage Malmberg 1999).

Svæðinu má skipta í fjögur lykilsvæði (mynd 1) sem eru afmörkuð á grundvelli mismunandi botngerðar, sjógerðar og tegundasamsetningar (Ástþór Gíslason og Ólafur S. Ástþórsson 2004):

1 Landgrunnið sunnan og vestan Íslands (að mestu grynnra en 500 m). Að mestu blanda strandsjávar og Atlantssjávar.
2 Landgrunnið norðan og austan Íslands (að mestu grynnra en 500 m). Að mestu blanda strandsjávar, Atlantssjávar og svalsjávar.
3 Suðurdjúp: Utan landgrunnsbrúnar sunnan og vestan Íslands (að mestu dýpra en 500 m). Aðallega Atlantssjór.
4 Norðurdjúp: Utan landgrunnsbrúnar norðan og austan við Ísland (að mestu dýpra en 500 m). Aðallega svalsjór.

**Mynd 1:** Íslenska hafsvæðið og skipting þess (sjá nánari lýsingu í texta).
***Figure 1:*** *The Icelandic ecoregion and subareas.*

* *An English version of the ecosystem overview:*
https://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2017/2017/Ecosystem_overview-Icelandic_Waters_ecoregion.pdf

*State of Marine Stocks and Advice 2017* *Marine and Freshwater Research Institute, 30 June 2017*

# Meðafli sjávarspendýra og fugla

- Vegna mats á meðafla afturkallaði MSC vottun á grásleppuveiðum við Ísland
- Mikil gagnrýni LS á mat á meðafla
  - Aukin áhersla hefur verið á meðafla í grásleppuveiðum hjá Fiskistofu.
  - Brugðist við athugasemdum LS í úrvinnslu eftir að umfangsmeiri gögn komu frá Fiskistofu
  - Mat á meðafla breyttist lítið og meðafli er stórt vandamál í grásleppuveiðum.



Meðafli fugla og sjávarspendýra í grásleppuveiðum 2014-2017

Hafrannsóknastofnun, mars 2018

## MEÐAFLI FUGLA OG SJÁVARSPENDÝRA Í GRÁSLEPPUVEIÐUM 2014-2017

### SAMANTEKT

Í þessari samantekt var notast við gögn úr 193 róðrum veiðieftirlits Fiskistofu yfir fjögurra ára tímabil, 2014-2017, til að meta meðafla fugla og sjávarspendýra í grásleppuveiðum við Ísland. Meðaflinn var metinn á fjóra vegu; án skiptingar, skipt upp eftir svæðum, skipt upp eftir dýpi og skipt upp eftir mánuðum, auk þess sem skráningar skipstjórnarmanna á meðafla voru teknar saman. Breytileiki í meðafla milli ára og áhrif handahófskenndrar sýnatöku voru líka könnuð.

Algengustu sjávarspendýrin sem veiddust sem meðafli voru landselur, útselur og hnísa, á meðan algengustu fuglarnir voru æðarfugl, teista, langvía og skarfar. Meðaflamötin fjögur voru öll tiltölulega svipuð, en þó var matið skipt upp eftir svæðum í flestum tilfellum lægst á meðan mötin skipt upp eftir dýpi eða mánuðum hæst og matið án skiptingar þar á milli. Mötin þrjú sem byggðu á uppskiptum gögnum voru óvissari, og höfðu töluvert hærra frávikshlutfall í kringum matið. Matið fyrir sjávarspendýr var lægst skipt upp eftir svæðum (3100 ± 1086 dýr), næst lægst án skiptingar (3570 ± 607 dýr), en matið skipt eftir dýpi var aðeins hærra (3620 ± 2860 dýr) og hæst var matið skipt upp eftir mánuðum (3850 ± 1577 dýr). Til samanburðar voru skráningar sjávarspendýra í afladagbækur 988 dýr árið 2017. Mötin fyrir sjófugla fylgdu álíka mynstri, en matið var lægst skipt upp eftir svæðum (7210 ± 3030 fuglar), næst lægsta matið var það án skiptingar (8150 ± 1222 fuglar), matið skipt upp eftir dýpi kom þar á eftir (8800 ± 3962 fuglar) en hæst var matið skipt upp eftir mánuði (9100 ± 3180 fuglar). Til samanburðar voru 2417 fuglar skráðir í afladagbækur grásleppubáta árið 2017.

Skipt upp eftir tegundum, sést að mötin fjögur fyrir hnísu eru mjög áþekk, þar sem matið skipt upp eftir dýpi (662 dýr) var um 100 hnísum hærra og matið skipt upp eftir mánuðum (428 dýr) um 100 dýrum lægra en matið án skiptingar og matið skipt eftir svæðum (~550 dýr). Skráðar hnísur í afladagbækur voru 286 árið 2017. Matið skipt upp eftir dýpi (1663 selir) var einnig hæsta mat meðafla landsels, í samanburði við matið án skiptingar (1367 selir), matið skipt upp eftir mánuðum (1221 selur) og matið skipt upp eftir svæðum (1255 selir). Í tilfelli útsels var matið skipt upp eftir svæðum (1091 selur) og matið skipt upp eftir dýpi (1034 selir) svipuð, á meðan matið án skiptingar var um 300 selum hærra, og matið skipt upp eftir dýpi töluvert hærra eða í kringum 1900 selir. Til samanburðar voru 700 selir af öllum tegundum skráðir í afladagbækur árið 2017. Meðaflamötin fjögur fyrir teistu voru öll á milli 800 og 1000 fuglar á ári, en þó var matið skipt upp eftir mánuðum hæst í báðum tilfellum. Skráðar teistur í afladagbækur voru 600 og skarfar 177 árið 2017. Meðaflamatið fyrir æðarfugl skipt upp eftir dýpi (4289 fuglar) og það skipt upp eftir mánuðum (3847 fuglar) voru um 1000-1400 fuglum hærri en matið skipt upp eftir svæðum og matið án skiptingar, en til samanburðar voru 442 æðarfuglar skráðir í afladagbækur 2017. Meðaflamatið fyrir langvíu skipt upp eftir dýpi (1756 fuglar) var töluvert hærra en matið án skiptingar (1350 fuglar) og matið skipt upp eftir svæðum (1376 fuglar), en lægst var matið skipt upp eftir mánuðum (873 fuglar). Langvíur voru almennt ekki skráðar í afladagbækur, og eru því væntanlega inní flokknum „aðrir sjófuglar", en 1198 slíkir voru skráðir árið 2017.

Dýpi hafði lítil áhrif á meðaflatíðni, nema í tilfelli teistunnar, sem hafði lægri meðaflatíðni með auknu dýpi. Meðaflatíðni æðarfugls og útsels lækkaði með auknu dýpi, en það samband var þó ekki marktækt, en líklegt er að með aukinni sýnasöfnun muni marktækt samband koma fram.

Talsverðar sveiflur voru á milli ára í meðafla sumra tegunda, sérstaklega hjá útsel og æðarfugli. Hinsvegar voru sömu meðaflategundirnar algengastar öll árin. Þetta bendir til að breytileiki milli ára sé aðallega vegna munar á þekju eftirlitsins, og þeirri staðreynd að hjá sumum tegundum er meðafli nokkuð sjaldgæfur viðburður, en magn mikið þegar það gerist, sem leiðir til mikils breytileika milli ára.

Samanburður á handahófskenndum róðrum eftirlitsmanna og þeim sem voru skipulagðir til að kanna fjölda neta, meðafla þorsks eða vegna gruns um önnur brot sýnir að meðaflatíðni í skipulögðu ferðunum var lægri heldur en í þeim handahófskenndu.

Meðaflatíðni var misjöfn milli mánaða hjá útsel, teistu og skörfum, en tíðnin hjá þessum tegundum var hærri í maí, júní og júlí heldur en öðrum mánuðum. Þessi marktæki munur á milli mánaða er eflaust tengdur

1

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Erfiðleikar í mati á meðafla

- Mat á stofnstærðum meðafla tegunda er oft takmarkað
  - Vantar talningar, sérstaklega á sjófuglum

- Fjöldi dýra (sjávarspendýr og fuglar) sem veiðast sem meðafli.
  - Þekja eftirlits fremur lítil
  - Margir þættir sem spila inn í eins og árstími, dýpi og svæði.
  - Skráningum í afladagbókum verulega ábótavant

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Varúðarnálgun

Varúðarnálgun í fiskveiðistjórnun var lýst af Sameinuðu þjóðunum (UN 1995) sem:

*“States shall be more cautious when information is uncertain, unreliable or inadequate. The absence of adequate scientific information shall not be used as a reason for postponing or failing to take conservation and management measures“*

Þetta þýðir að þegar upplýsingar eru takmarkaðar á ekki að nota það sem afsökun fyrir að bregðast ekki við heldur þvert á móti að vera varkárari en ella til að minnka möguleg neikvæð áhrif nýtingar.



# Meðafli í veiðum

- Meðafli er alltaf óæskilegur
- Getur verið skaðlegur stofnum

**Burt séð frá öllum vottunum þá skal leita allra leiða til að minnka meðafla.**

Ástand nytjastofna sjávar og ráðgjöf 2017 Hafrannsóknastofnun 13. júní 2017

## LANDSELUR – *HARBOUR SEAL*

*Phoca vitulina*

RÁÐGJÖF – *ADVICE*

Hafrannsóknastofnun leggur til að stjórnvöld leiti leiða til að koma í veg fyrir beinar veiðar á landsel og lágmarka meðafla landsela við fiskveiðar. Hafrannsóknastofnun leggur einnig til að veiðistjórnunarkerfi verði innleitt fyrir selveiðar við Ísland, og að skráningar á öllum selveiðum verði lögbundnar.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Aftur um hlutverk Hafrannsóknastofnunar

Hafró er:

- Vísindastofnun
- Ráðgjafarstofnun um sjálbæra nýtingu

Hlutverk Hafró er ekki:

- Að “tryggja” vottun

**„Vinur er sá er til vamms segir“**

Gildi Hafrannsóknastofnunar

- Þekking
  *Þekking á vistkerfum hafs og vatna er forsenda sjálfbærrar nýtingar auðlinda landsins. Við byggjum starf okkar á langtímasýn og metnaðarfullum rannsóknum á fagsviðum Hafrannsóknastofnunar.*
- Samvinna
  *Árangur stofnunarinnar byggist á samvinnu, innan stofnunar sem utan. Við berum sameiginlega ábyrgð, komum fram hvert við annað af virðingu og göngum að hverju verki með jákvæðu hugarfari.*
- Þor
  *Við erum framsækin, beitum nýjustu þekkingu og tækni og höfum metnað til að standa í fararbroddi í verkefnum okkar. Við höfum hugrekki til að segja hlutina eins og þeir eru og drögum ekkert undan.*

≠

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

# Takk fyrir

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

